




Alþýðusamband Íslands

Þegar gerður var samanburður á verði skóladagvistar og hádegisverðar hjá grunnskólabörnum kom í ljós að Vestmanneyjabær býður uppá ódýrustu þjónustuna. Samanburður er frekar flókinn þar sem mjög misjafnir systkina afslættir eru í gangi og mismunandi hvað er innifalið í heildarþjónustunni. Ef skoðuð er greiðsla fyrir eitt barn þá greiða foreldrar í Vestmanneyjabæ minnst fyrir þjónustuna, 15.561 kr. á mánuði óháð því hvort þeir eru í forgangi eða ekki, forgangshópurinn á Akranesi greiðir kr. 15.813. Hæsta gjaldið er í Garðabæ og sama verð fyrir alla foreldra kr. 28.539 á mánuði, mismunurinn er 183%.



Starfsdagar eru innifaldir í gjaldinu hjá Vestmannaeyjabæ
Inn í tímagjaldinu hjá Reykjanesbæ er innifalið hressing og hreyfistund.


Mjög misjafnt er hvernig gjaldskráin er saman sett, sumir skólar gefa upp í kr. pr. klst, en flestir skólar bjóða upp á lágmarks- og hámarksgjald og er tímagjaldið sem við notum í útreikningum okkar miðað við hæsta mánaðargjald deilt með 63 tímum á mánuði sem er 3 tímar á dag í vistun. Reykjavíkurborg, Garðabær og Reykjanesbær eru ekki með systkinaafslætti í gæslu, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Akraneskaupstaður, Seltjarnarnes, Vestmannaeyjar og Sveitafélagið Skagafjörður veita 50% afslátt af gæslu vegna annars barns. Akureyrarkaupstaður og Ísafjarðarbær veita 30% afslátt af gæslu vegna annars barns.

Hafnarfjörður, Sveitafélagið Árborg, Fjarðarbyggð og Fljótshálsa veita 25% afslátt af gæslu annars barns. Mosfellsbær, Sveitafélagið Árborg, Seltjarnarneskaupstaður, Sveitafélagið Skagafjörður og Ísafjarðarbær veita 100% afslátt af gæslu vegna þriðja barns eða fleiri. Vestmannaeyjabær veitir 80% afslátt af gæslu þriðja barns. Kópavogur og Akraneskaupstaður veita 75% afslátt af 3. barni og einstæðir foreldrar á Akranesi fá 35% afslátt af gæslu. Hafnarfjörður og Fjarðabyggð veita 50% afslátt af gæslu þriðja barns og Fljótshálsa veitir 25% afslátt af þriðja barni.

Grunnskólarnir bjóða uppá skólavistun í 1. – 4. bekk á starfsdögum og innheimta gjald fyrir það sér og er þessi þjónusta aðeins fyrir nemendur sem eru að nota þjónustuna fyrir, að undanskildum grunnskólunum í Kópavogi sem hefur opið hús frítt fyrir alla sína nemendur í 1. – 4. bekk. Í Vestmannaeyjum er vistun á starfsdögum innifalin í heildarverði.

Mjög misjafnt er það hvað foreldrar þurfa að greiða fyrir skólamáltíð. Mest er greitt fyrir máltíð í Garðabæ 428, kr. en minnst í Reykjanesbæ 190 kr. mismunurinn er 229%.

Reykjavíkurborg er eina sveitafélagið sem gefur systkinaafslátt af máltíðum, þar þarf ekki að greiða skólamáltíð fyrir fleiri en tvö systkini.



Hjá Fljótshálsa fylgir með hádegisverði, ávextir í morgunhressingu hjá 1. – 5. bekk og síðdegishressing fyrir 6. bekk

Í þessum samanburði er ekki lagt mat á gæði matar eða þjónustu.

Sjá nánari upplýsingar í meðfylgjandi töflum.

**Kostnaður giftra / sambúða foreldra vegna skólagæslu grunnskólabarna
kr. klst. Febrúar 2009**

Sveitarfélag	Hádegis matur	Síðdegis hressing	Meðalkostnaður fyrir 1. barn	Meðalkostnaður fyrir 2 börn	Meðalkostnaðu r fyrir 3 börn
Garðabær	428	100	28.539	57.645	86.751
Ísafjarðarbær	370	129	26.355	36.834	47.313
Kópavogskaupstaður	280	100	20.643	31.899	43.155
Akureyrarkaupstaður	307	61	19.698	32.592	45.486
Akraneskaupstaður	254	79	20.601	30.996	41.391
Fjarðabyggð	358	158	20.475	36.162	51.849
Hafnarfjarðarkaupstaður	246	100	18.858	32.109	45.360
Sveitafélagið Árborg	216	86	18.186	24.528	30.870
Seltjarnarneskaupstaður	244	45	18.669	24.738	30.807
Reykjanesbær	190	105	18.858	37.716	56.574
Mosfellsbær	237	EKKI í boði	18.081	23.058	28.035
Reykjavíkurborg	250	86	17.577	28.413	39.249
Fljótsdalshérað	350	34	17.073	32.130	47.187
Vestmannaeyjar	360	84	15.561	25.200	34.839
Sveitafélagið Skagafjörður		62	11.130	22.260	33.390

Flest sveitafélög veita systkinaafslátt og sumstaðar getur hann virkað á milli skólastiga
Miðað er við 63 tíma á mánuði

**Kostnaður foreldra í forgangshópi vegna skólagæslu grunnskólabarna kr. klst.
febrúar 2009**

Sveitarfélag	Hádegis matur	Síðdegis hressing	Meðalkostnaður fyrir 1. barn	Meðalkostnaður fyrir 2 börn	Meðalkostnaðu r fyrir 3 börn
Garðabær	428	100	28.539	57.645	86.751
Ísafjarðarbær	370	129	26.355	48.300	58.779
Kópavogskaupstaður	280	100	20.643	35.175	46.431
Akureyrarkaupstaður	307	61	19.698	36.498	49.392
Fjarðabyggð	358	158	20.475	38.556	54.243
Hafnarfjarðarkaupstaður	246	100	18.858	35.133	48.384
Sveitafélagið Árborg	216	86	18.186	34.167	40.509
Seltjarnarneskaupstaður	244	45	18.669	31.227	37.296
Reykjanesbær	190	105	18.858	37.716	56.574
Mosfellsbær	237		18.081	29.799	34.776
Reykjavíkurborg	250	86	17.577	35.469	46.305
Fljótsdalshérað	350	34	17.073	32.130	47.187
Vestmannaeyjar	360	84	15.561	26.019	34.713
Akraneskaupstaður	254	79	15.813	27.216	36.414
Sveitafélagið Skagafjörður		62	11.130	17.346	18.648

Flest sveitafélög veita systkinaafslátt og sumstaðar getur hann virkað á milli skólastiga
Miðað er við 63 tíma á mánuði

